

Mál nr. 215/2007

M

og

Vátryggingafélagið V v slysátryggingar ökumanns

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slysátryggingar ökumanns skv 92.gr. umferðarlaga v umferðarslyss þ. 31.7.2006.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 2.11.2007
2. Bréf lögmanns M ásamt fylgiskjöllum 1-8
3. Bréf V ódagsett.

Málsatvik.

M varð fyrir alvarlegum líkamsáverkum í umferðarslysi þ. 31.7.2006 þegar hann sem ökumaður bifreiðarinnar A missti stjórn á bifreiðinni. Skv lögregluskýrslum skýra vitni svo frá. Vitni 1 segist hafa ekið eftir Sandgerðisvegi þegar A hafi verið ekið fram úr sér en hann hafi þá ekið á um 90 km. hraða og síðan hafi þessari bifreið verið ekið fram úr tveim öðrum bifreiðum. Vitni 1 segist telja að A hafi verið á um 200 km. hraða en hún hafi horfið sér sjónum á örskammri stund og 2-3 mínútum síðar hafi hann ekið fram á umferðarslys þar sem A var utan vegar. Vitni 2 segist hafa ekið áleiðis til Sangerðis og fundið sterka vindhviðu þegar A var ekið fram úr á miklum hraða en sjálfur hafi hann ekið á 90-100 km. hraða og hafi hann sagt við eiginkonu sína sem sat við hlið hans að A hafi verið ekið hátt í 200 km hraða en hafnn hafi mist sjónir á bifreiðinni skamma stund vegna mishæða en næst segir vitni 2 að hann hafi séð A fara í loftköstum Vitni 3 segist hafa verið farþegi í bifreið sem ók út úr Sandgerði þegar hann hafi séð A sem hafi virkað alveg stjórnlaus þegar slysið varð. M bar hjá lögreglu aðspurður um hvort hann telji að hraðakstur geta verið orsök slyssins þá svarar M því til að það geti örugglega verið.

M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns sbr. 92.gr. umferðarlaga frá V. Í rökstuðningi lögmanns M kemur fram að ekkert liggi fyrir um ökuhraða M. Engin hraðamæling hafi farið fram og V byggji höfnun sína á örökstuddum fullyrðingum sem komi fram í lögregluskýrslum. Þá bendir lögmaður M á að vangaveltur M á sjúkrabeði um hraðakstur skipti ekki máli. Slíkar vangaveltur teljist ekki sönnun um að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem hafi orsakað umferðarslysið 31.7.2006. Þá víkur lögmaður M að meintum vanbúnaði á A og bendir á að ekkert komi þar fram sem bendi til stórkostlegs gáleysis M. Þá er á það bent að sönnunarbyrðin fyrir því að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi hvíli á M. Loks bendir lögmaður M á 3. mgr. 27.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.

V hafnar bótaskyldu og bendir á að öllum vitnum í málinu beri saman um að A hafi verið á ofsahraða í umrætt sinn auk þess sem bifreiðin hafi verið vanbúin sökum ástands hjólbarða og hemla. Þá bendir V á að stöðugleiki A á vegi hafi verið stórlega skert vegna ástands hjólbarða og hemla. Þá bendir V á að framleiðandi ökutækisins hafi afturkallað ábyrgð sína á ökutækinu þar sem það skemmdist í sjóflutningi vegna bruna. V telur ljóst að A hafi verið ekið langt umfram leyfilegan hámarkshraða í umrætt sinn og hafi ökumaður sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með aksturslagi sínu.

Álit.

Af öllum gögnum virtum telst nægjanlega sannað að M hafi ekið langt yfir löglegum hármáksþraða í umrætt sinn og með því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Af þeim ástæðum er bótaréttur M felldur niður.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 19.12. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.